

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hvalfjarðarsveit.

Deiliskipulag Melahverfis II.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti 8. desember 2020 breytt deiliskipulag Melahverfis II, sem hefur verið auglýst samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í deiliskipulaginu felst breyting á skipulagsmörkum og fækkun íbúða á svæðinu úr allt að 106 í 33 íbúðir. Íbúðarlóðum fækkar úr 66 í 30.

Við gildistöku þessa nýja deiliskipulags fellur úr gildi deiliskipulag sama svæðis, með síðari breytingum, frá árinu 2009.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag Krosslands.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti 8. desember 2020 breytt deiliskipulag Krosslands, 1. áfanga í landi Kross, sem hefur verið auglýst samkvæmt 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í deiliskipulaginu felst um 7,4 ha íbúðarsvæði og eru teknar saman þær breytingar sem hafa verið gerðar á gildandi deiliskipulagi. Gert er ráð fyrir fjölbreyttum húsagerðum, alls 126 íbúðum á 31 lóð.

Við gildistöku þessa nýja deiliskipulags fellur úr gildi deiliskipulag sama svæðis, með síðari breytingum, frá árinu 2005.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Hvalfjarðarsveit, 31. mars 2021.

F.h. skipulags- og umhverfisfulltrúa Hvalfjarðarsveitar,

Jökull Helgason.

B-deild – Útgáfud.: 9. apríl 2021